FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC AERONAUTICAL ASSOCIATION
STOFNAÐ 1936

Flugmálafélag Íslands

Ársskýrsla 2022

Þing haldið í Fluggörðum,
Reykjavíkurflugvelli, 11. mars 2023

FLUG Á ÍSLANDI
1919 - 2019

Síðasta þing og stjórn

Heimsfaraldur Covid-19 hefur frá ársbyrjun 2020 haft víðtæk áhrif á starfsemi fyrirtækja og félagasamtaka og sóttvarnarreglur hafa lengst af sett strik í reikninginn varðandi samkomur og fundi. Á árinu 2022 urðu afléttingar á hömlum en engu að síður hafði faraldurinn áhrif á starfsemi félagsins á síðasta starfsári.

Ársþing Flugmálafélags Íslands árið 2022 var af þessum sökum haldið óvenju seint á árinu þegar tímabundið rofaði til í samkomutakmörkunum. Á þingið, sem haldið var þann 10. maí 2022 í Flugröst. Á þinginu var kynnt skýrsla stjórnar og sérgreinadeilda, ársreikningur félagsins fyrir árið 2020-21 ræddur og samþykktur og tillaga stjórnar um óbreytt aðildargjöld frá fyrra ári samþykkt. Síðasta ársskýrsla náði því til tímabilsins 2020-21.

Matthías Sveinbjörnsson var á þinginu 2022 endurkjörinn forseti félagsins. Sjö aðrir stjórnarmenn voru kjörnir á þinginu og skiptu þeir með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Varaforseti:
- Edda Ingibjörg Eggertsdóttir – Flugfélagið Geirfugl

Gjaldkeri:
- Ágúst Hrafnkelsson - Flugfélagið Geirfugl

Ritari:
- Arnar Hreinsson - Fisfélag Reykjavíkur

Meðstjórnendur:
- Ágúst Guðmundsson - Fisfélag Reykjavíkur
- Valdimar Jóhann Bergsson - Yakar ehf.
- Sveinn Kjartansson- Fisfélag Reykjavíkur
- Gísli Birgir Sigurðarson - Flugfélagið Geirfugl

Aðildar og styrktarfélög Flugmálafélagsins eru:

1974 ehf.
Fallhlífasamband Íslands
Fallhlífastökkvarar Íslands
Félag íslenskra einkaflugmanna
Fisfélag Reykjavíkur
Flugfélagið Ernir ehf.
Flugfélagið Geirfugl ehf.
Flugklúbbur Mosfellsbæjar
Flugklúbbur Selfoss
Flugskóli Reykjavíkur ehf.
Iceland Aviation Academy ehf.
Mýflug hf.
Norðurflug ehf.
Svifflugfélag Akureyrar
Svifflugfélag Íslands
Svifvængjafélagið Bólstri
Vélflugfélag Akureyrar
Volcano Heli ehf.
Yakar, flugklúbbur alþýðunnar ehf.
Þyrluþjónustan ehf.
Þytur ehf.

Þytur,flugmódelfélag
Örninn - Hollvinafélag Flugsafns Íslands

Icelandair ehf. er aðalstyrktaraðili Flugmálafélags Íslands árin 2021 - 2023.

Hluti styrkja og annarra tekna félagsins eru háðar því að flugdagurinn sé haldinn. Þannig höfðu samkomutakmarkanir og veðurfar umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu félagins.

Stjórn og stefna

Stjórn fundaði reglulega yfir árið og átti góð rafræn samskipti á milli funda. Stjórn vann eftir sömu stefnu og verið hefur síðustu ár sem er tilgreind í stefnu Flugmálafélagsins en þar segir:

Almennt
Stjórn félagsins vill beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um flug og auka samskipti milli aðildarfélaga. Það mun enn sem áður sinna hagsmunagæslu en þó leggja meira upp úr því að leita til aðildarfélaganna og styðja þau í þeim málum sem snúa beint að þeim. Félagið mun halda áfram að treysta alþjóðleg samskipti og sambönd.

Kynning út og inn á við
Stjórn félagsins hefur það að markmiði að kynna flug fyrir almenningi og efla áhuga á því. Það á jafnt við um aðildarfélög sem og þá sem standa fyrir utan það. Tilgangur félagsins hefur verið frá upphafi að „að efla áhuga fyrir flugsamgöngum hér á landi og til annarra landa og útbreiða þekkingu á flugmálum með þjóðinni" sem stjórn félagsins mun standa við.

Hagsmunagæsla
Félagið mun sinna hagsmunagæslu sem áður. Áherslubreyting verður þó gerð er varðar eignarhald. Þau mál sem snúa að ákveðnum aðildarfélögum munu vera rekin áfram að viðkomandi aðildarfélagi en þó með stuðningi FMÍ á meðan hagsmunamál er varða fleiri en eitt aðildarfélag og/eða flugið í heild sinni verða rekin áfram af FMÍ.

Félagið mun leggja áherslu á góð samskipti við:

- Innanríkisráðuneyti
- Samgöngustofu
- Isavia
- FAI og önnur alþjóðleg samtök

Traustur rekstur
Stjórn félagsins mun leitast eftir því að auka tekjur félagsins til þess að auka slagkraftinn. Mögulega verður framkvæmdastjóri ráðinn.

Samstarfið hefur verið gott og stjórnin samhent í því að vinna samkvæmt ofangreindri stefnu.

FLUG Á ÍSLANDI
1919 - 2019

Viðburðir

Síðasta starfsár einkenndist af einkar fáum viðburðum á vegum félagsins. Að hluta til var það vegna þess að þjóðfélagið var að koma úr heimsfaraldri en veðurfar hafði jafnframt þau áhrif að bæði Íslandsmót í flugi og Flughátíðin Allt sem flýgur féllu niður þetta árið.

Flugsýningin var ekki sett á dagskrá vegna óvissu en Flughátíðin á Hellu var að fullu undirbúin en á síðstu stundu þurfti að aflýsa henni vegna veðurs. Þó var ákveðinn kjarnahópur sem mætti og skemmti sér vel þrátt fyrir veðrufar.



Innlend starfsemi

Efnahagsátak stjórnvalda
Eftir þrýsting frá Flugmálafélaginu á efnahagsnefnd fengust auknir fjármunir í lendingarstaði í gegnum efnahagsátak stjórnvalda. Í heildina var 90 milljónum úthlutað í málaflokkinn. Í framhaldinu vann Flugmálafélagið í samráði við flugsamfélagið lista yfir framkvæmdaverkefni og forgangsröðun þeirra. Í það heila komu ábendingar um 26 verkefni víðs vegar um land. Eftir yfirferð ráðuneytisins og Isavia var farið í eftirfarandi verkefni:

Verkefni Isavia
Hönnun þyrluaðfluga
Sauðárkróksflugvöllur, veðurkerfi
Blönduóssflugvöllur, flugbrautarljós
Bakkaflugvöllur, flugbrautarljós
Reykjanesflugvöllur, yfirlögn
Húsavíkurflugvöllur, yfirsprautun
Norðfjarðarflugvöllur, hönnun ljósa
Sandskeið, veðurstöð

Verkefni Flugmálafélagsins
Hella, jöfnun flugbrautar
Uppsetning vefmyndavéla um landið
Selfoss, yfirlögn á flughlað
Borgarnes, klæðing
Opnun lendingarstaða

Hér er um jákvæða þróun að ræða en á sama tíma er ljóst að nánara samstarf milli FMÍ, Isavia og ráðuneytisins er nauðsynlegt.

Á síðasta ári var bætt við verkefnum í Húsafelli og á Melgerðismelum. Í Húsafelli er unnið að lagfæringum á flughlaði en á Melgerðismelum hefur verið lagt nýtt neysluvatn og rafmagn að flugstöðinni.

Samstarfsverkefni FMÍ, Isavia og ráðuneytisins munu verða fleiri á þessu ári til að styðja við innviði almannaflugs en það er ótímabært að greina nánar frá þeim á þessum tímapunkti.

Samgöngustofa
Samvinna við Samgöngustofu hefur því miður ekki verið í góðum farvegi. Áherslur samgöngustofu hafa ekki verið í samræmi við áherslur grasrótarinnar. Flugmálafélagið er

að undirbúa frekara samtal við Samgöngustofu um þá stöðu sem komin er upp en mikil og sterk undiralda er í flugsamfélaginu um þessar mundir. Samtal og undirbúningur aðgerða er í gangi um þessar mundir.

Isavia

Félaginu hefur verið umhugað um að halda uppi sterku sambandi við Isavia. Samstarf varðandi stuðning við lendingarstaði hefur sjaldan verið á betri stað þó alltaf megi gera betur. Flugumferðarþjónustan hefur aftur á móti ekki verið nægjanlega góð og lítið tillit tekið til athugasemda félagsins. Í eldgosinu á Reykjanesi þurfti félagið að beita sér í nokkrum tilvikum til að aflétta takmörkunum sem voru settar á almannaflug. Þá eru enn í gildi takmarkanir sem eiga sér ekki haldbær rök á Reykjavíkurflugvelli og um Verzlunarmannahelgi í Vestmannaeyjum. Félagið hefur ávallt mótmælt þessum aðgerðum og mun halda því áfram bæði innan og utan samráðsvettvanga. Þá eru takmarkanir á fisflug í stjórnuðu loftrými ill skiljanlegar og styður félagið Fisfélagið í sinni baráttu fyrir afléttingu þeirra.

Kennslumál og grasrótin

Nú þegar íslenskt flugsamfélag er að koma út úr versta áfalli sem það hefur farið í gegnum er mikilvægara en áður að styðja við og styrkja grasrótina og nýliðun í flugi. Félagið hefur talað fyrir þessu á ýmsum vettvangi og mun halda því áfram á næstu misserum. Jafnt aðgengi að flugtengdu flugnámi er réttlætismál sem mun hjálpa við það.

Orkuskipti

Flugmálafélagið hefur stutt við og stuðlað að orkuskiptum í flugi. Forseti félagsins hefur í samstarfi við ýmsa aðila staðið að innflutningi og rekstri fyrstu rafmagnsflugvélar landsins, TF-KWH, en hún kom til landsins í lok árs 2021 og hóf sig fyrst til flugs í júlí 2022 á Helluflugvelli. Þegar þjálfun flugmanna lauk var farið í fyrsta farþegaflugið í ágúst sama sumar með Forseta Íslands og forsætisráðherra í kjölfarið.

Umhverfismál og takmarkanir á flug

Flugmálafélagið hefur haldið uppi baráttu fyrir áframhaldandi frelsi og að óheftu aðgengi að loftrými og möguleikum á því að lenda. Umhverfisstofnun hefur verið ötul við að leggja til órökstuddar takmarkanir á flug í friðlöndum. Látrabjarg er síðasta dæmið sem félagið mótmælti. Því miður hafa takmarkanir engu að síður verið lagðar á og má nefna Friðlandið að fjallabaki þar sem félagið náði ekki að koma í veg fyrir takmarkanir. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem félagið mun leggja áherslu á að fylgjast með og mótmæla þegar við á.

FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC AERONAUTICAL ASSOCIATION
STOFNAÐ 1936

Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík

samgongustofa@samgongustofa.is

Reykjavík, 20. nóvember 2022

Varðar samráð við notendur vegna beiðni um takmarkanir á flugi yfir friðlandi Látrabjargs

Samgöngustofa hefur óskað eftir athugasemdum við beiðni Umhverfisstofnunar um að auglýstar verði sérstakar takmarkanir á flug í námunda við Látrabjarg til verndar fuglalífi:

> *Allt flug innan 3000 feta hæðar yfir hæstu brúnum friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl–30. september. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofanana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.*

Í erindi Umhverfisstofnunar koma fram óljósar fullyrðingar um að flugumferð hafi haft neikvæð áhrif á þróun stofnstærða fugla sem verpa í Látrabjargi. Ekki er að sjá að þær fullyrðingar séu studdar neinum tölulegum gögnum hvað varðar flugumferð og samhengi hennar við þróun stofna varpfugla á svæðinu. Þá virðist sem engin haldbær dæmi eða sönnunargögn liggi til grundvallar fullyrðingum sem eignaðar eru landeigendum varðandi truflanir sem fuglalíf hefur að sögn orðið fyrir vegna flugumferðar. Þá virðist sú sviðsmynd sem varpað er fram um að *„hluti bjargsins myndi þá hreinsast af eggjum á skömmum tíma"* varla eiga við nein haldbær rök að styðjast. Stjórnvöld verða að gæta að rannsóknarskyldu sinni skv. stjórnsýslulögum en tillaga Umhverfisstofnunar ber ekki með sér að hún byggi á haldbærum gögnum og rannsóknum um áhrif flugumferðar á svæðinu.

Þegar eru til staðar sérstök tilmæli í flugmálahandbók um flug í grennd við fuglabjörg, auk þess sem flugreglur tilgreina lágmarksflughæð yfir óbyggð svæði. Þær takmarkanir sem Umhverfisstofnun leggur til til viðbótar takmarka frelsi til almannaflugs á Íslandi og gætu reynst hættulegt fordæmi fyrir frekari takmörkunum á þessu sviði. Flugmálafélag Íslands leggst gegn slíkum takmörkunum og telur mikilvægt að standa vörð um frjálsa lofthelgi yfir Íslandi nema mjög sterk rök liggi fyrir.

Virðingarfyllst,

Stjórn Flugmálafélags Íslands

Innviðir, eldsneytismál og annað samstarf
Forseti félagsins á sæti í Fagráði um flugmál sem er skipað af samgönguráðherra. Þar er vettvangur sem nýtist til þess að koma sjónarmiðum grasrótarinnar á framfæri þótt misjafnt sé hversu vel er tekið í þau sjónarmið.

Í lok árs 2021 skilaði vinnuhópur sem Flugmálafélagið átti sæti í skýrslu sem fjallaði um öryggishlutverk lendingarstaða.

Þeir veikleikar sem snúa beint að almannaflugi voru aðgengi að eldsneyti væri takmarkaður og að of langt væri milli lendingarstaða á ákveðnum svæðum.

Í niðurstöðu kafla skýrslunnar segir að:

> Aukið aðgengi að Avgas flugvélaeldsneyti og að viðhalda skráðum lendingarstöðum eykur flugöryggi lítilla flugvéla.





Með skýrslunni fæst viðurkenning á vandanum en nú þarf að sækja fjármagn til þess að vinna á honum.

Flugmálafélagið er nú í samstarfi við Isavia og Skeljung til að fjölga aftur afgreiðslustöðum á landinu. Þá hefur félagið verið í samskiptum við aðildarfélögin til að samstilla aðgerðir. Hér er þó mikil vinna óunnin en ljóst að aðkoma ríkisins er nauðsynleg til þess að ná tilætluðum árangi í öryggisátt.

Úrbætur í eldsneytismálum er eitt að helstu flugöryggismálum um þessar mundir og mikilvægt að þau komist í góðan og varanlegan farveg.

Styrkir
Á síðasta starfsári voru veittir tveir styrkir til ferðalaga á alþjóðlega fundi. Annars vegar fékk AOPA á Íslandi styrk og hins vegar Svifflugfélag Íslands. Félagið hvetur aðlidarfélögin til þess að sækja styrki frá FMÍ til þess að byggja upp og treysta alþjóðatengsl.

Erlend starfsemi og þátttaka í alþjóðlegum keppnum

Flugmálafélagið hefur alla tíð tekið virkan þátt í erlendu starfi flugmálafélaga til að viðhalda og efla tengsl Íslands við önnur lönd, sem er mikilvægt m.a. til að læra af árangri annarra landa og mistökum. Sérstaklega eru tengslin mikilvæg þegar kemur að regluverki og lagasetningu en íslenskt regluverk hefur til þessa þótt heldur stíft og óþarfalega langt gengið við þýðingu og innleiðingu erlendra reglna hérlendis. Sérstaklega má nefna breytingu á hámarksþyng vélknúinna fisa sem flest evrópulönd hafa hækkað í 600kg en hér stendur á EFTA að staðfesta breyttar reglur frá Evrópusambandinu. Flugmálafélagið hefur átt samskipti við stjórnvöld og sótt leiðsögn til erlendra aðila hvað regluverk snertir.

Árið 2022 var erlend starfsemi með hefðbundnu sniði. Sérstaklega má þó nefna:

- Svifvængjamenn sóttu fund Svifvængjadeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Vélfismenn sóttu fund EMF European Microlight Federation.
- Svifflugmenn sóttu fund Svifflugdeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Læknir sótti fund Medico-Physiological deildar FAI.

Flugmálafélagið er með fulltrúa í öllum deildum Alþjóða flugmálafélagsins (FAI). Þessir fulltrúar fylgjast með því sem er að gerast í hverri deild með hagsmuni Íslands að leiðarljósi auk þess að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum á hverju sviði flugíþrótta.
Fulltrúar Flugmálafélagsins geta sótt aðalfundi deilda FAI og tekið með beinum hætti í starfi deildanna. Undanfarin tvö ár hafa fundir verið á netinu vegna Covid-19 og því hægari heimatökin en áður að taka þátt í alþjóðastarfi.

Ágúst Guðmundsson hefur setið í framkvæmdastjórn FAI frá árinu 2014 sem fulltrúi Flugmálafélags Íslands og var endurkjörinn 2016, 2018, 2020 og 2022. Hann er nú yfir fjármálum FAI og hefur verið endurkjörinn oftast af núverandi stjórnarmönnum.

Flugmálafélagið annast útgáfu FAI Sporting Licence til félagsmanna aðildarfélaga en það skírteini er skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegum mótum FAI.

Hans Kristján Guðmundsson tók þátt í fjölda móta 2022. Þá tóku Erlingur Erlingsson og Sverrir Gunnlaugsson þátt í módelflugmótum erlendis árið 2022. Flugmódelmenn héldu alþjóðlegt mót á Íslandi 2022.
Þátttaka íslenskra flugmanna á alþjóðamótum hefur aukist og fagnar Flugmálafélagið þeirri þróun. Svifvængjaflugmenn hafa verið sérlega virkir í þátttöku á alþjóðlegum mótum. Með þátttöku í alþjóðlegum mótum fá flugmenn stig á alþjóðlegum styrkleikalista svifvængjamanna hjá FAI sem er fækkun um 7 frá 2021 vegna minni þátttöku í alþjóðlegum mótum undanfarin ár, líklega tengt Covid.

Árlega er haldið alþjóðlegt svifvængjamót á Íslandi með keppendum hvaðanæva að úr heiminum sem auk þess er Íslandsmót í svifvængjaflugi. Þátttaka íslenskra keppenda hefur oft verið lítil en fjöldi erlendra keppenda var þó í lágmarki undanfarin ár vegna Covid.

Flugmálafélagið hefur í gegnum tíðina veitt einstaklingum og aðildarfélögum styrki vegna verkefna sem stjórn telur samrýmast tilgangi félagsins. Þessi verkefni hafa nær öll varðað þátttöku í heims- eða Evrópumeistaramótum í fluggreinum erlendis eða til eflingar tengsla aðildarfélaga Flugmálafélagsins við erlend systurfélög.
Árið 2022 fékk AOPA ferðastyrk vegna fundar 200þús og Svifflugfélagið ferðastyrk vegna fundar 150þús.

Að lokum

Flugmálafélag Íslands byggir á traustum grunni og hefur frá stofnun árið 1936 unnið að hagsmunum flugs á Íslandi. Félagið mun halda áfram að gegna lykilhlutverki varðandi hagsmunagæslu, uppbyggingu og vöxt flugs á Íslandi samhliða því að stuðla að samheldni og góðum samskiptum á milli aðildarfélaga sinna.

Samþykkt af stjórn Flugmálafélags Íslands